

Þjónustugjöld vegna álagningar fasteignagjalda árið 2025

Álagningarprósenta fasteignaskatts:

Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki	0,45%
Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki	1,32%
Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki	1,32%

Álagningarprósenta lóðarleigu:

Lóðarleiga íbúðar- og sumarhús í A-flokki:	0,5% af lóðarhlutamati sbr. lóðaleigusamningar
Lóðarleiga opinberra bygginga í B flokki:	0,5% af lóðarhlutamati sbr. lóðaleigusamningar
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis í C flokki:	0,5% af lóðarhlutamati sbr. lóðaleigusamningar

Þjónustugjöld veitna:

Vatnsskattur

Íbúðarhúsnæði: 0,21% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki kr. 71.850,- kr. og að lágmarki kr. 48.510,-

Sumarhús, vatnsskattur: kr. 48.510,- .

Atvinnuhúsnæði, vatnsskattur: 0,15% af fasteignamati, þó að lágmarki kr. 80.170,-.

Notkunargjald skv. mæli á neysluvatni: 39/kr m³.

Fráveitugjald

Íbúðarhúsnæði og sumarhús (A-flokkur): 0,25% af álagningarstofni, þó að hámarki kr.80.500,- fyrir hverja einingu.

Opinberar byggingar (B-flokkur): 0,25% af álagningarstofni, þó að hámarki kr. 293.000,- .

Atvinnuhúsnæði (C-flokkur) 0,25% af álagningarstofni, þó að hámarki kr. 293.000,- .

Árlegt rotþróargjald íbúðarhúsa er kr. 13.200,- kr. og tæming 3. hvert ár.

Árlegt rotþróargjald sumarhúsa er kr. 11.300,- og tæming 5. hvert ár.

Gjald fyrir tæmingu á rotþró við atvinnurekstur eða fyrirtæki sem eru inn í árlegri hreinsun skal vera eftirfarandi fyrir hvert skipti á hverja rotþró:

Rotþró 0 - 6.000 lítra	kr. 37.700,-
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 5.800 pr./m ³

Sorphirðugjöld:

Lágmarksgjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við kostnað við hirðingu og umsýslu á hverja grunneiningu:

240 l grátunna - blandaður heimilisúrgangur	kr. 35.800,-
140 l brúntunna - lífrænn heimilisúrgangur	kr. 9.600,-
240 l græntunna - pappi og pappír	kr. 5.960 kr.
240 l blátunna - plast	kr.5.960 kr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir rekstur safnstöðva (gámasvæðis) og fastan kostnað: Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði 29.900 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 29.900 kr.

Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki) 84.200 kr.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) fyrir íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði fá afhent „klippikort“ sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð og miðast við rúmmetra þess úrgangsmagns sem er afsett.

Gjalddagar fasteignagjalda:

Gjalddagar fasteignagjalda verða níu, það er frá **1. febrúar, 1. mars, 1.apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1.ágúst, 1. september og 1. október.**

Gjöld 60.000 og lægri fari á einn gjalddaga þ.e. **1. febrúar**

Gjöld hærri en 60.001 fari á níu gjalddaga þ.e. **1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1.ágúst, 1. september og 1. október.**

Álagningarseðill fasteignagjalda birtist eigendum fasteigna í pósthólfi þeirra á island.is